# Janúar-Júní 1995

FLUG MÁLA STJÓRN 1945 1995

# FLUGTÖLUR

FLUG MÁLA STJÓRN 1945 1995

**Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð**

## FLUGFLOTI







Alls voru 38 breytingar á íslensku loftfaraskránni fyrstu sex mánuði ársins 1995 eða sami fjöldi og yfir sama tímabil árið áður.

Fyrstu sex mánuði ársins voru 13 flugvélar skráðar í fyrsta sinn en 4 voru teknar af loftfaraskrá og ein flugvél endurskráð. Umskráningar voru 15 talsins.

## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA




Alls voru gefin út 150 ný einstaklingsskírteini og 165 skírteini voru endurnýjuð fyrstu sex mánuði ársins 1995. Fjöldi nýrra skírteina er hinn sami og árið áður en endurnýjuð skírteini eru 123% fleiri en fyrstu sex mánuði ársins í fyrra.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Fyrstu sex mánuði ársins 1995 fóru 31.050 flugvélar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið eða 6% færri en á sama tímabili árið áður. Síðastliðinn áratug hefur umferð flugvéla um svæðið fyrri hluta árs aukist að meðaltali um 3% á ári. Meðaltalsbreyting sl. fimm ár er 1%.

## FARÞEGAR INNANLANDS







Fyrstu sex mánuði ársins 1995 fóru alls 181.535 innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli. Fjölgunin er 16% milli ára.

Á þessu tímabili fjölgaði farþegum á öllum flugvöllum nema í Vestmannaeyjum þar sem þeim fækkaði um 1%.

Mest farþegaaukning varð í Reykjavík eða 23%. Á Hornafirði og Húsavík fjölgaði farþegum um 18%, á Akureyri um 13%, á Egilsstöðum um 11%, á Sauðárkróki um 7% og fjölgunin nam 5% á Ísafirði.

## FARÞEGAR MILLI LANDA







Alls fóru 385.088 millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli fyrstu sex mánuði ársins 1995. Fjölgunin er 8% milli ára.

Millilandafarþegar á Reykjavíkurflugvelli voru 9% fleiri en í fyrra og 6% fleiri á Keflavíkurflugvelli. Þessum farþegum fækkaði hins vegar um 15% á Akureyrarflugvelli fyrri helming ársins.

Síðastliðin fimm ár hefur heildarfjöldi farþega í millilandaflugi um Keflavíkurflugvöll vaxið um 10% á ári að meðaltali.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Alls voru flutt 1.312 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi fyrstu sex mánuði ársins 1995 en það er 5% aukning miðað við árið áður. Vöruflutningar jukust um 2% og póstur um 15%.

Flutningur á vörum og pósti jókst á þremur áætlunarflugvöllum: 17% í Reykjavík, 6% á Akureyri og 4% í Vestmannaeyjum.

Á Húsavíkurflugvelli varð hlutfallslega mestur samdráttur í vöru- og póstflutningum, eða 22%, og á Ísafirði um 11%.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




21% aukning varð á vöru- og póstflutningum um íslenska áætlunarflugvelli fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Alls voru flutt 9.868 tonn. Vöruflutningar jukust um 23% og 5% aukning var á pósti.

Vöru- og póstflutningar jukust um 79% á Reykjavíkurflugvelli og 21% á Keflavíkurflugvelli fyrri hluta ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

Fyrstu sex mánuði ársins sl. fimm ár hefur flutningur á vörum og pósti í millilandaflugi um Keflavíkurflugvöll aukist að meðaltali um 3% á ári.

## FLUGHREYFINGAR INNANLANDS




Í innanlandsflugi fyrstu sex mánuði ársins 1995 fjölgaði flughreyfingum (flugtökum og lendingum) í áætlunar- og leiguflugi um 6% en þær voru 27.961 talsins, snertilendingar (æfingalendingar) voru 28.324 sem er 22% fjölgun og hreyfingar í öðru flugi innanlands voru 14.334 eða 18% færri en fyrstu sex mánuði ársins 1994.

Fyrstu sex mánuði ársins 1995 fjölgaði flughreyfingum langmest á Reykjavíkurflugvelli eða um 13%. Enn fremur var fjölgun um 8% í Vestmannaeyjum og 2% á Húsavík

Á tímabilinu fækkaði flughreyfingum hlutfallslega mest á Húsavíkurflugvelli, eða um 23%. Næst mest fækkun, 10%, var á Akureyri og á Egilsstöðum var 7% fækkun.

Heildarfjöldi flughreyfinga á íslenskum áætlunarflugvöllum fyrstu sex mánuði ársins var samtals 80.084 eða 7% fleiri en á sama tímabili árið áður, þar af voru 70.619 hreyfingar í innanlandsflugi og 9.465 í millilandaflugi.


*1.árg. 3. árg. Útgefið 18/10 1995.*
*Flugtölur koma út tvisvar á ári.*

*Prentað á umhverfisvænan pappír.*

FLUG MÁLA STJÓRN 1945 1995

# FLUGTÖLUR

FLUG MÁLA STJÓRN 1945 1995

**Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð**

## Breytingar á loftfaraskrá jan - jún 1991 - 1995

| Ár | Nýskrán. | Endurskrán. | Umskrán. | Hlutaskrán. | Br. á skrán. | Afskrán. | Breytingar alls | Breyting f.f.ári |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1991 | 10 | 2 | 16 | 6 | 11 | 7 | 52 | - |
| 1992 | 8 | 1 | 33 | 5 | 3 | 9 | 59 | 13,5% |
| 1993 | 8 | 0 | 13 | 2 | 5 | 6 | 34 | -42,4% |
| 1994 | 10 | 1 | 11 | 1 | 5 | 10 | 38 | 11,8% |
| 1995 | 13 | 1 | 15 | 1 | 4 | 4 | 38 | 0,0% |

## Útgefin og endurnýjuð skírteini einstaklinga jan - jún 1995

| Teg. skírteinis | Útgefin skírteini | Breyting 95/94 | Endurn. skírteini | Breyting 95/94 |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 14 | -22,2% | 23 | 100,0% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 0 | 0,0% | 1 | 100,0% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél | 3 | 0,0% | 9 | 50,0% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ þyrla | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Atvinnuflugmenn II fl./ flugvél | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Blindflugsmenn | 12 | -36,8% | 16 | 1.500,0% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 27 | -6,9% | 55 | 129,2% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Flugkennarar | 7 | -22,2% | 3 | 50,0% |
| Flugnemar | 23 | 0,0% | 3 | -50,0% |
| Flugumferðarstjórar | 0 | 0,0% | 4 | 0,0% |
| Flugumsjónarmenn | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Flugvélstjórar | 0 | 0,0% | 5 | 100,0% |
| Flugvéltæknar | 2 | 100,0% | 10 | 25,0% |
| Fullgildingar | 62 | 26,5% | 30 | 42,9% |
| Svifflugmenn | 0 | 0,0% | 6 | 200,0% |
| | 150 | 0,0% | 165 | 123,0% |

*Auk útgefinna og endurnýjaðra skírteina eru 146 áritanir í gildandi skírteini einstaklinga fyrri hluta ársins 1995 sem er 64% fjölgun frá fyrra ári.*

## Umferð um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið jan - jún 1985 - 1994

| Ár | Fjöldi ferða | Breyting 95/94 |
|---|---|---|
| 1986 | 23.237 | 12,99% |
| 1987 | 23.518 | 1,21% |
| 1988 | 28.020 | 19,14% |
| 1989 | 31.425 | 12,15% |
| 1990 | 33.196 | 5,64% |
| 1991 | 31.225 | -5,94% |
| 1992 | 28.774 | -7,85% |
| 1993 | 29.080 | 1,06% |
| 1994 | 33.197 | 14,16% |
| 1995 | 31.050 | -6,47% |

## Innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli jan - jún 1995 *)

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 95/94 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 165.639 | 23,5% | 45,6% |
| Akureyri | 66.773 | 13,0% | 18,4% |
| Egilsstaðir | 26.329 | 11,4% | 7,3% |
| Vestm.eyjar | 35.638 | -1,2% | 9,8% |
| Ísafjörður | 27.341 | 4,8% | 7,5% |
| Hornafjörður | 7.646 | 18,0% | 2,1% |
| Húsavík | 7.426 | 17,8% | 2,0% |
| Sauðárkrókur | 5.904 | 6,7% | 1,6% |
| Aðrir flugv. | 20.375 | 27,3% | 5,6% |
| | 363.071 | 15,9% | 100,0% |

**) Hver farþegi er tvítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu, en 9.397 áningarfarþegar eru ekki taldir með.*

## Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli jan - jún 1995

| Flugvöllur | Brottfarar-/komufarþ. | Áningarfarþegar | Samtals | Breyting 95/94 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 273.911 | 106.358 | 380.269 | 5,9% | 98,7% |
| Reykjavík | 3.425 | 0 | 3.425 | 9,0% | 0,9% |
| Akureyri | 1.300 | 0 | 1.300 | -15,4% | 0,3% |
| Egilsstaðir | 32 | 62 | 94 | - | 0,0% |
| | 278.668 | 106.420 | 385.088 | 7,7% | 100,0% |

## Vöru- og póstfl. innanlands um íslenska áætlunarflugvelli jan - jún 1995 *)

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 95/94 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 791,0 | 288,2 | 1.079,2 | 16,6% | 41,1% |
| Akureyri | 377,6 | 59,9 | 437,4 | 5,6% | 16,7% |
| Egilsstaðir | 198,2 | 77,3 | 275,5 | -1,7% | 10,5% |
| Ísafjörður | 117,1 | 91,9 | 208,9 | -10,7% | 8,0% |
| Vestm.eyjar | 71,5 | 18,9 | 90,3 | 4,2% | 3,4% |
| Sauðárkrókur | 81,1 | 0,0 | 81,1 | 0,2% | 3,1% |
| Hornafjörður | 48,8 | 15,3 | 64,1 | -8,3% | 2,4% |
| Húsavík | 27,1 | 0,4 | 27,3 | -22,4% | 1,0% |
| Aðrir flugvellir | 253,1 | 107,2 | 360,1 | -5,1% | 13,7% |
| | 1.965,3 | 658,9 | 2.624,2 | 4,7% | 100,0% |

**) Vörur og póstur eru tvítalin, þ.e. bæði við brottför og komu.*

## Vöru- og póstfl. milli landa um íslenska áætlunarflugvelli jan - jún 1995

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 95/94 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 8.912,6 | 944,0 | 9.856,5 | 20,9% | 99,9% |
| Reykjavík | 5,9 | 5,8 | 11,7 | 78,6% | 0,1% |
| | 8.918,6 | 949,7 | 9.868,3 | 21,0% | 100,0% |

## Flughreyfingar innanlands á íslenskum áætlunarflugvöllum jan - jún 1995

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Snertilendingar | Samtals | Breyting 95/94 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.734 | 8.700 | 19.193 | 37.627 | 12,9% | 53,3% |
| Akureyri | 3.613 | 872 | 477 | 4.962 | -10,4% | 7,0% |
| Vestm.eyjar | 4.584 | 678 | 105 | 5.367 | 8,2% | 7,6% |
| Egilsst. | 1.925 | 326 | 94 | 2.345 | -7,2% | 3,3% |
| Ísafjörður | 1.552 | 330 | 5 | 1.887 | 0,7% | 2,7% |
| Hornafj. | 744 | 188 | 22 | 954 | -1,3% | 1,4% |
| Húsavík | 630 | 34 | 15 | 679 | 2,1% | 1,0% |
| Sauðárkr. | 534 | 56 | 1 | 591 | -23,2% | 0,8% |
| Keflavík | 348 | 2.794 | 8.411 | 11.553 | 0,0% | 16,4% |
| Aðrir flugv. | 4.297 | 356 | 1 | 4.654 | -5,8% | 6,6% |
| | 27.961 | 14.334 | 28.324 | 70.619 | 5,2% | 100,0% |

## Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum jan - jún 1995

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Samtals | Breyting 95/94 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 4.805 | 2.978 | 7.783 | 9,0% | 82,2% |
| Reykjavík | 538 | 1.050 | 1.588 | 19,0% | 16,8% |
| Akureyri | 81 | 0 | 81 | 29,3% | 0,9% |
| Egilsstaðir | 13 | 0 | 13 | - | 0,1% |
| | 5.437 | 4.028 | 9.465 | 10,7% | 100,0% |

*Umsjón: Gunnar Þorsteinsson • Tölfræði: Sigrún Geirsdóttir • Ljósmynd: Boeing • Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.*